Sagan getur endurtekið sig, því að enginn veit með vissu, hvar möguleikar eru á að finna almenningi ókunn afburðaverk eftir hinn afkastamikla málara, sem Kjarval var. Það verk, sem ég hér á við, er í eigu Frímúrara og heitir „Haust", eitt magnþrungnasta landslagsmálverk, sem ég þekki frá síðari hluta aldarinnar. Stórt orð Hákot, en hafi ég rétt fyrir mér, eru hér engin smátíðindi á ferð. Ég vissi um annað málverk í eigu Egils heitins Thorarensen í Sigtúni af sömu fyrirmynd (Skagaströnd), en þetta verk kom mér algerlega á óvart. „Á Snæfellsnesi" í eigu Torfa Hjartarsonar kom mér einnig þægilega að óvörum, öðlingsverk.

Það hefur stundum viljað brenna við að myndir Kjarvals, sem gerðar eru í smátiglum eða réttar sagt í mynstri og ég stundum hef kallað myndsturstíl, séu kenndar við kúbisma. Sannleikurinn er þó sá, að sú myndgerð Kjarvals á ekkert skylt við þá listastefnu og er mjög fjarri þeirri hugmynd, er stóð að baki kúbismanum. En hér á þessari sýningu gefur að líta litla mynd frá því um 1930, þar sem ekki verður villst á hlutunum. „Ofurlítil dugga" er hún kölluð. Í þeirri mynd er það kúbisminn, sem öllu ræður, og þar fáum við góða sönnun fyrir því, að Kjarval vissi, hvað var að gerast í myndlist umheimsins, jafnvel betur en hann vildi sjálfur viðurkenna. Um tilvist þessarar myndar var mér ekki kunnugt, og er það enn ein sönnun þess, að fátt er eins brýnt og að reynt verði að skrá verk Jóhannesar Sveinssonar Kjarval. Sem dæmigerða mynd í mynsturstíl má hins vegar benda á málverk í eigu Jóns Þorsteinssonar, „Á grænum kjól", öndvegisverk.

„Jón Arason og synir hans" er gullfallegt verk, frá því um 1921. Þar hefur Kjarval verið mjög upptekinn af vissri tegund primitívrar ítalskrar listar, og úr þessu verki má lesa þann skilning, sem hann hefur lagt í listaverk frá þessum tíma. Ég man ekki eftir að hafa séð jafn glögg áhrif frá þessu tímabili í verkum íslenskra listamanna, nema ef vera kynni í verkum sumra abstrakt málara, en það er önnur saga.

Ekki verður minnst á þessa sýningu Kjarvals án þess að staldra við litla blómamynd í eigu Kristjáns Jónssonar. Þar blasir við ein hlið Kjarvals, sem sýnir, hvernig honum gat tekist að stilla liti sína í það að nálgast grámóðu, en jafnframt að láta þá tala skýru máli og beita ógnarkrafti, sem grípur og fylgir vitund áhorfandans. Þetta litla listaverk sannar, að það er ekki flatarmál myndar, sem máli skiptir, „c'est le don qui compte", eins og meistarinn Matisse sagði. Þannig mætti lengi skrifa um flest þau verk, sem sjá má á þessari sýningu, en sjón er sögu ríkari, og sýningin stendur enn um hríð.

Ég held mér sé óhætt að telja þessa sýningu þá bestu og merkilegustu, sem ég hef séð á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals.

Framhald á bls. 13



á er Paul Adair í
ssinu sínu, þegar
viknar í olíubor-
olum. Síðast fékk
ann tækifæri til að
ýna færni sína,
egar öðrum tókst
kki að stöðva olíu-
ekann úr borhol-
inni í Norðursjón-
m.



Eldsvoðar eru einasta áhugamál hans

Fægasti slökkviliðsmaður í heimi er áreiðanlega Texasbúinn Paul Adair eða „Rauði-Páll" eins og hann er stundum kallaður. Sérgrein hans er að fást við eldsvoða sem verða af völdum sprenginga í olíuborstöðvum. Hann verður oft að stofna lífi sínu í hættu en að launum fær hann milljónir á milljónir ofan.

Um Paul Adair — manninn sem kvaddur er til þegar kviknar í olíuborholum og enginn ræður við að slökkva

Þegar Paul Adair fer að heiman til að sinna starfi sínu er engu líkara en að hann sé að kveðja konu sína í hinsta sinn. Það gæti líka verið svo. Hann stendur svo að segja með annan fótinn í gröfinni annað slagið. Svo hættulegt er starf hans.

Hann er lágur vexti, 1,65 cm á hæð en þéttur á velli, 60 ára og síðustu 30 árin hefur hann sérhæft sig í að berjast við stór-eldsvoða og þykir langbeztur í sinni grein. Enda fær hann greiðslur eftir því.

Margoft hefur hann slasast og segir sjálfur að varla sé það bein í hans skrokki, sem ekki hafi einhvern tíma brotnað.

„Eldsvoðar eru hans eina áhugamál", segir konan hans Kemmie, og hún verður að sætta sig við að sonur þeirra hefur kosið að feta í fótspor föðurins og er einn af samstarfsmönnum hans. „Þetta er það sem þeir vilja", segir hún, „og þeir verða að ráða". Báðir eru afar hátt lífTryggðir hvort sem það er huggun eður ei.

Paul Adair hefur líka nú þegar þénað margar milljónir. Aðalviðskiptavinir hans eru stóru olíufélögin. Þegar eldur verður laus við borholur eða olíuborpalla úti á rúmsjó, er ekki horft í peningana þegar ráða á niðurlögum eldsins. Einu sinni fékk hann 1.8 milljónir marka, en það er mesta fúlga sem hann hefur fengið á einu bretti. Þá var viðureignin við einn mesta eldsvoða sem um getur. Hermdarverkamenn komu fyrir sprengjum við 5 borholur í Saharaeyðimörkinni árið 1965. Á hverjum degi brunnu þar 15 milljónir kúbikmetrar af gasi (það hefði nægt meðalstórri borg til afnota í eitt ár). Eldsúlurnar risu 200 metra í loft upp með ægilegum gný í heila viku. Geimfarinn John Glenn sá eldinn úr geimfari sínu sem sveif um jörðu á sama tíma.

Paul Adair kom sér í skyndi upp heilum flota af tankbílum sem fluttu vatn út í eyðimörkina. „Án vatns getum við engu bjargað", sagði hann. „Vatn er okkur jafn nauðsynlegt og súrefnið sem við öndum að okkur — reyndar súrefnið sem nærir eldinn".

Fjórar vikur liðu áður en Paul Adair og menn hans voru reiðubúnir til atlögu við eldinn. Þeir þokuðust í áttina að eldinum í skjóli við vatnsstrókana úr tönkunum, sem voru eins og vatnsveggur fyrir framan þá. Sjálfir sátu þeir í brynvörðum traktorum og ýttu á undan sér 15 metra langri stálgrind. Á henni hafði verið komið fyrir 250 kg af sérstöku sprengiefni (C 21) í stáltunnum sem varðar voru asbestplötum. Þegar tunnurnar áttu ekki eftir nema 30 cm að upptökunni, tendraði Paul Adair kveikjuþráðinn. Nokkrum sekúndum síðar var eldurinn slokknaður. Við sprenginguna fylltí jarðvegurinn holuna og þar með var björninn unninn.

Paul Adair er alltaf á varðbergi og ráðgerir fram í tímann hvernig bezt sé að bregðast við kallinu. Hann er þegar orðinn þaulreyndur í faginu. Víða um heim hefur hann birgðastöðvar þar sem slökkvitækin bíða notkunar. Með því sparast dýrmætur tími.

Hann getur mætt á brunastað með nokkurra stunda fyrirvara, þar sem hann ferðast í eigin flugvél og samstarfsmenn hans eru áhöfnin. 190 daga ársins er „eldgleypirinn" að jafnaði á ferðinni.

Hér á norðlægari breiddargráðum er Paul Adair kunnastur fyrir aðgerðir til að hefta olíuflóðið úr borpallinum út af Noregsströndum fyrr í vor eins og flestum mun í fersku minni. Giftusamlega tókst að stöðva olíugosið, en gífurlegt magn af olíu barst út um Norðursjóinn og varð þetta slys ekki til að auka mönnum bjartsýni í sambandi við olíuvinnslu af sjávarbotni. Þar var við ramman reip að draga; í fyrstu hamlaði veður, síðan varð of lygnt og hér dugði ekki að sprengja eins og í Arabíu. Meðan olíuflekkurinn stækkaði, litu menn vonaraugum til Paul Adair. Annaðhvort gæti hann stöðvað olíuflauminn eða enginn. Og Paul Adair brást heldur ekki vonum manna þar.